

Aðalfundur Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. verður haldinn fimmtudaginn 8. maí 2025, kl. 16:00.

Framboðsfrestur til stjórnar rann út þann 3. maí 2025, kl. 16:00.

Eftirtaldir einstaklingar hafa gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins:

Bogi Þór Siguroddsson

Bogi hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar frá því í maí 2024 og er núverandi formaður stjórnar.

Bogi er fæddur árið 1959. Hann er með meistaragráðu í rekstrarhagfræði og hefur lokið MBA námi.

Bogi sinnir rekstri og stjórnun eigin fyrirtækja. Starfsreynsla Boga er fjölbreytt, einkum á sviði rekstrar og stjórnunar.

Bogi situr í stjórn Grænna skóga ehf., auk stjórnarsetu í eigin fyrirtækjum, þ.m.t. stjórn Bóksals ehf. og Sindrandi ehf., sem eru óbeint í jafnri eigu hans og eiginkonu hans, Lindu Bjarkar Ólafsdóttur.

Hann á 319.999.958 hluti í Ölgerðinni í gegnum Bóksal ehf. og 282.794.730 í gegnum Sindrandi ehf., alls 21,2% hlut. Bogi á ekki í neinum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Bogi er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, en telst háður stórum hluthafa félagsins, sbr. framangreint.

Gerður Huld Arinbjarnardóttir

Gerður hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar síðan í maí 2023. Hún situr jafnframt í endurskoðunarnefnd félagsins, sem er ein af undirnefndum stjórnar.

Gerður er fædd árið 1989. Hún hefur lokið ýmis konar námskeiðum á vegum Success Resources á sviði viðskipta- og markaðsfræði. Gerður hefur starfað sem framkvæmdastjóri BSH15 ehf., sem rekur verslunina Blush, frá 2011. Þá hefur Gerður verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi í markaðsmálum og fyrirlesari frá 2020.

Auk starfa sinna fyrir Blush situr Gerður einnig í stjórn A.S. leigufélags ehf., BSH15 ehf., HV23 slf. og annarra eigin félaga.

Í maí 2023 undirrituðu Ölgerðin og félag í eigu Gerðar samstarfssamning varðandi nýjan virknidrykk sem Ölgerðin framleiðir undir vörumerkinu MIST. Samkvæmt samningnum á félag Gerðar rétt á tilteknum þóknunum frá Ölgerðinni fyrir aðkomu sína að þróun og markaðssetningu drykkjarins, en þóknanir reiknast af tekjum Ölgerðarinnar vegna sölu drykkjarins.

Gerður á ekki hluti í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Gerður telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins.

Magnús Árnason

Magnús hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar frá árinu 2023. Hann situr jafnframt í starfskjaranefnd félagsins, sem er ein af undirnefndum stjórnar.

Magnús er fæddur árið 1979. Hann er með stúdentspróf og starfar sem sérfræðingur hjá Fagkaup ehf., sem er félag í eigu Boga Þórs Siguroddssonar, formanns stjórnar Ölgerðarinnar, og eiginkonu hans. Áður hefur Magnús starfað sem framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og markaðsmála hjá Nova, framkvæmdastjóri vörubrúunar hjá OZ og framkvæmdastjóri alþjóða-vörumerkjamála hjá Latabæ. Magnús sat jafnframt áður í stjórnnum indó sparisjóðs hf., Nova klúbbsins hf. og Nova hf.

Magnús situr nú í stjórn Jurtar ehf., auk stjórnarsetu í eigin félögum, þ.m.t. Sprengistjörnu ehf.

Hann á 785.248 hluti í Ölgerðinni í gegnum eignarhaldsfélagið Sprengistjörnu ehf., en á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Magnús telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess. Magnús telst hins vegar háður stórum hluthöfum félagsins vegna starfa sinna fyrir Fagkaup ehf., sökum eignatengsla þess við Bóksal ehf. og Sindrandi ehf., sbr. framangreint.

Rannveig Eir Einarsdóttir

Rannveig hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar frá árinu 2017. Hún situr jafnframt í starfskjaranefnd félagsins.

Rannveig er fædd árið 1965. Hún er viðskiptafræðingur MBA, og starfar sem forstjóri þróunar- og byggingarfélagsins Reir Verk ehf. Áður gegndi Rannveig í 16 ár stöðu forstöðumanns flugþjónustudeildar Icelandair, þar sem hún var ábyrg fyrir þjónustu og starfsmannahaldi flugþjónustustétta félagsins.

Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignapróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir Verk ehf. Hún tók þátt í byggingu og stofnun reksturs Sandhótelis við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hótelum. Rannveig var stjórnarmaður í félaginu Heimavöllum hf. á árunum 2019 og 2020 og var varaformaður stjórnar Sýnar hf. á árunum 2022-2025.

Rannveig situr einnig í stjórnnum eigin félaga.

Rannveig á alls 113.033.183 hluti í Ölgerðinni í gegnum eignarhaldsfélagið Fasta ehf., sem er óbeint í jafnri eigu hennar og eiginmanns hennar, Hilmaris Þórs Kristinssonar. Hún á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Rannveig telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins, einkum með hliðsjón af fjölda hluthafa í félaginu og eignarhlutdeild annarra hluthafa.

Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Elín hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar síðan í maí 2024. Hún situr jafnframt í endurskoðunarnefnd félagsins.

Elín er fædd árið 1955. Hún er menntuð sem viðskiptafræðingur og er sjálfstætt starfandi. Starfsreynsla Elínar felst einkum í bankastörfum til 30 ára.

Elín er stjórnarformaður Bioeffect hf., Hannesarholts ses. og Arnrúnar íbúðafélags hses. og meðstjórnandi í Sjálfseignarstofnun Kvænnaathvarfsins.

Hún á ekki hluti í Ölgerðinni og á í engum hagsmunatengslum við viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins eða við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Elín telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins.